

Norðurþing  
Gaukur Hjartarson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. febrúar 2013  
Tilvísun: UST20130100155/ksj

### Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags sorpurðunarstaðar Kópaskeri

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 24. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags sorpurðunarstaðar við Kópasker.

Ofangreindur sorpurðunarstaður er staðsettur á svæði gamla flugvallarins við Kópasker og mun taka við sorpi frá Öxarfirði, Raufarhöfn og Kelduhverfi. Stærð skipulagssvæðisins er um 28 ha og afmarkast af girðingu umhverfis flugvallarsvæðið. Aðkoma að svæðinu er frá Kópaskers- og Sléttuvegin r. 870.

### Heildarmagn urðaðs sorps


Á svæði gamla flugvallarins við Kópasker hefur lengi verið urðað sorp. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í umhverfisskýrslu hvert heildarmagn urðaðs sorps er í dag, og hve mikið er áætlað að urða þar á ári í framtíðinni. Einnig er mikilvægt að fram komi hve stór hluti urðaðs sorps hefur verið/verður sláturúrgangur.


### Fjarlægð frá byggð

Í greinargerð kemur fram að urðunarsvæðið sé í 1,5 km fjarlægð frá Kópaskeri. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi fjarlægð frá urðunarstað í næsta íbúðarhús.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda skipulags- og matslýsingu.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun